

Stjórn SORPU bs.

Reykjavík 2. maí 2018

V / bygging gas- og jarðgerðarstöðvar

Tilboð í byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar voru opnuð á skrifstofu SORPU bs., þann 17. apríl 2018. Opnun tilboða þann 17. apríl er lokahluti samningskaupafærlis sem unnin hefur verið í samstarfi við Innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar og embætti borgarlögmanns. Þrjú tilboð bárust, sem eftir yfirferð ráðgjafa eru þannig:

Bjóðandi	Upphæð m. vsk	Upphæð án vsk	Hlutfall af lágsta
Ístak hf.	4.116.008.927,-	3.319.362.038,-	100,0%
ÍAV hf.	4.149.481.748,-	3.346.356.248,-	100,8%
Munch hf.	4.476.838.986,-	3.610.354.021,-	108,8%

Engar breytingar urðu á tilboðsupphæðum eða röðun bjóðenda eftir yfirferð ráðgjafa.

Í útboðsgögnum var áskilnaður um að tilboðum yfir kr. 4,15 milljörðum m. vsk. yrði hafnað en tilboð Ístak og ÍAV eru undir þessu viðmiði. Þetta viðmið var sett eftir umræður á eigendafundi þann 19. febrúar sl. Þau mörk sem þar voru sett fram í drögum að minnisblaði fjármálastjóra sveitarfélaganna voru 4,4 milljarðar með vsk. eða 3,55 milljarðar án vsk.

Við yfirferð ráðgjafa hafa ekki komið fram neindir fyrirvarar í tilboði fyrirtækisins eða önnur atriði sem koma í veg fyrir að hægt sé að ganga til samninga við Ístak.

Við ofangreindan kostnað við verkefnið bætist síðan við kostnaður við eftirlit sem boðið verður út næstu daga. Gert er ráð fyrir að kostnaður við eftirlit, umsjón með verkefninu og greiðslur til Aikan verði samtals um 281 milljón sem leggst ofan á tilboð Ístak og þarf að gera ráð fyrir þessum kostnaði við fjármögnun verkefnisins. Samtals er þá kostnaður áætlaður 3,6 milljarðar (án vsk) sem er 1,4% umfram þau mörk sem um var rætt á eigendafundi þann 19. febrúar sl. Rétt er að hafa í huga að endanlegt verð er síðan byggt á magntölum og einingarverðum sem geta breyst til hækkunar eða lækkunar á verkefnistímanum. Þessi umframfjárhæð (ca 50 milljónir) telst innan skekkjumarka við jafn stórt og viðamikil verkefni.

Á eigendafundi þann 19. febrúar var rætt um fjármögnun verkefnisins og sett fram sú leið að eigendur SORPU bs., þ.e.a.s. sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu leggðu fram 550 milljónir og skiptust greiðslur eigenda eftir íbúafjölda.

Hafa verður í huga að erfitt er að ákvarða nákvæmar upphæðir sem geta breyst við framvindu verksins, bæði til hækkunar eða lækkunar eins og áður segir. Í ljósi þessa er lagt til að óskað verði eftir því við eigendur að þeir leggi fram fjármagn til verkefnisins eins og að ofan greinir en jafnframt verði óskað heimildar fyrir lántökum fyrir verkefnið allt að kr. 2.000 milljónum. Lántökur verða boðnar út meðal

fjármálastofnana (banka, Lánasjóðs sveitarfélaga osfrv.) eins og venja er hjá SORPU bs. Fjármögnun verkefnisins verði þá þannig háttað (upphæðir í milljónum króna):

Liður	2018	2019	SAMTALS
Framlag eigenda	350	200	550
Langtímalántaka		750	750
Skammtímalántaka	350	1.065	1.415
Fjármagnað af rekstri	300	595	895
SAMTALS	1.000	2.610	3.610

Endanlegt fyrirkomulag lána verði ákveðið í ljósi þeirra kjara sem SORPU bjóðast þegar lokið er útboði á fjármögnun.

Miðað við ofangreinda tillögu að fjármögnun yrði skipting á greiðslum sveitarfélaganna miðað við íbúatölu 1. janúar 2018 er sem hér segir:

Sveitarfélag	Íbúafjöldi 1.jan 2018	Hlutfall	Framlag 2018	Framlag 2019	SAMTALS
Reykjavíkurborg	126.041	56,71%	198.485.000,-	113.420.000,-	311.905.000,-
Kópavogur	35.970	16,18%	56.630.000,-	32.360.000,-	88.990.000,-
Hafnarfjörður	29.412	13,23%	46.305.000,-	26.460.000,-	72.765.000,-
Garðabær	15.709	7,07%	24.745.000,-	14.140.000,-	38.885.000,-
Mosfellsbær	10.556	4,75%	16.625.000,-	9.500.000,-	26.125.000,-
Seltjarnarnes	4.575	2,06%	7.210.000,-	4.120.000,-	11.330.000,-
SAMTALS	222.263	100,00%	350.000.000,-	200.000.000,-	550.000.000,-

Hafa þarf í huga að ofangreindar upphæðir eru án vsk en standa þarf skil á vsk á verkefnistímanum sem síðan er endurgreiddur eftir framvindu. Gera verður fyrirvara við skiptingu fjármögnunar eftir árum þar sem ekki er alveg ljóst á þessu stigi hvernig fjárútlát skiptast á árin 2018 – 2020. Einnig má gera ráð fyrir að einhverjar tímabundnar hreyfingar verði á milli skammtímalántöku og því sem SORPA bs. getur fjármagnað af rekstri á hverjum tíma.

Á þessu stigi er gert ráð fyrir að sveitarfélögin leggi fram sinn hluta fjármögnunar á tímabilinu júní – ágúst 2018 og apríl – júní árið 2019. Lántökur hefjist í nóvember-desember 2018.

Í ljósi ofanritaðs er lagt til að stjórn heimili framkvæmdastjóra að ganga til samninga við Ístak á grundvelli tilboðs þeirra, að efna til útboðs á fjármögnun og óksa eftir að sveitarfélögin leggi fram fjármagn í samræmi við ofanritað.

Virðingarfyllt,


Björn H. Halldórsson
framkvæmdastjóri